

Nd. **151. Frumvarp til laga** [100. mál]
um jöfnunargjald orkukostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Greiða skal til sérstaks jöfnunarsjóðs orkukostnaðar, sem Orkusjóður annast vörslu á, orkugjald af seldri orku á síðasta stigi sölu, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem ekki endurselur orkuna í óbreyttri mynd.

2. gr.

Gjaldskyld orka, samkvæmt lögum þessum, er raforka, heitt vatn og fljótandi eldsneyti, sbr. 4. gr.

3. gr.

- Tilgangur orkugjaldsins er að vinna að eftirtöldum verkefnum:
- jöfnun á orkuverði,
 - styrkveitingu til orkusparandi aðgerða,
 - rannsóknum, m. a. á framleiðslu innlands eldsneytis og öðrum leiðum til að draga úr olíuinnflutningi,
 - uppbyggingu öryggisbirgða fyrir eldsneyti,
 - félagslegum framkvæmdum á sviði orkumála.

4. gr.

- Orkugjald skal greiða frá 1. júlí til 31. desember 1980 sem hér segir:
- a) Af raforku kr. 1 af hverri kvst.
 - b) Af heitu vatni á hitastigsbilinu 75°—95° C skal greiða kr. 30 af hverjum m³ eða kr. 7 500 af hverjum mínútulítra á ári.
 - c) Af heitu vatni á hitastigsbilinu 55°—75° C skal greiða kr. 15 af hverjum m³ eða kr. 3 750 af hverjum mínútulítra á ári.
 - d) Af bensíni skal greiða kr. 10 af hverjum lítra.
 - e) Af gasolíu skal greiða kr. 10 af hverjum lítra.
 - f) Af svartolíu skal greiða kr. 10 000 af hverju tonni.

5. gr.

Alþingi ákveður árlega orkugjald fyrir næsta ár skv. 4. gr. og skal iðnaðarráðuneytið skila um það tillögum það snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi ásamt áætlun um tekjur og gjöld jöfnunarsjóðs orkukostnaðar.

6. gr.

Orka, sem varmaveitur eða önnur orkuvinnslufyrirtæki kaupa til endursölu á öðru orkuformi, og heitt vatn, sem notað er í atvinnurekstri til annars en upphitunar, skal undanþegið gjöldum skv. lögum þessum.

7. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir iðnaðarráðherra. Málshöfðun fyrir dómstólum um gjaldstofn og gjaldskyldu skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

8. gr.

Sala á orku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkuneyslu á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur orku á síðasta stigi viðskipta og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni rikissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, orkugjald það, sem honum ber að standa skil á, en rikissjóður skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega inna af hendi greiðslu gjaldsins til Orkusjóðs.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla orkusölu síðasta mánuð.

9. gr.

Orkugjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða orkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

10. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað orkugjaldi á eindaga, falla á löglegir dráttarvextir hverju sinni fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

11. gr.

Innheimtumenn rikissjóðs senda rikisbókhaldi og rikisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu orkugjaldsins.

12. gr.

Stofnaður skal sérstakur sjóður, Jöfnunarsjóður orkukostnaðar.

Stjórn sjóðsins er í höndum Orkuráðs, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

13. gr.

Orkuráð semur árlega áætlun um tekjur og gjöld Jöfnunarsjóðs orkukostnaðar og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti tillögum iðnaðarráðuneytisins, sbr. 6. gr.

Þá gerir Orkuráð tillögur um einstakar greiðslur til verkefna, sbr. 4. gr.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu rekin að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest verði sérstakt gjald af seldri orku á síðasta stigi sölu til notenda, svo sem skilgreint er í 1. gr. þess. Gjald þetta sé lagt á raforku, heitt vatn og fljótandi eldsneyti. Gjaldinu er ætlað að renna í sérstakan sjóð í vörslu Orkusjóðs og skuli því varið til jöfnunar á orkuverði til orkusparandi aðgerða, félagslegra framkvæmda á sviði orkumála og fleiri verk-efna, svo sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins.

Lagt er til, að fjárhæð gjaldsins sé ákveðin til eins árs í senn, bæði til að festa ekki um ótiltekinn tíma og til að auðveldara sé að fella gjaldið hverju sinni að gildandi verðlagi og þjóðfélagslegum aðstæðum.

Höfuðmarkmið laga þessara er að afla tekna til að standa undir jöfnun á húshitunarkostnaði og raforkuverði, sem mikill munur er á eftir stöðum og orku þeirri, sem völ er á. Tekið er fram, að hér er ekki stefnt að algerri jöfnun, heldur umtalsverðri lagfæringu á miklu misræmi, sem ekki verður kippt í liðinn nema með félagslegum aðgerðum.

Um næstu áramót falla úr gildi lög um verðjöfnunargjald á raforku og er hér gert ráð fyrir, að þau lög verði ekki framlengd, heldur verði jöfnun á raforkuverði framvegis í verkahring þessara laga.

Svo sem fram kemur í frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að iðnaðarráðuneytið geri tillögur árlega til fjárveitinganefndar og Alþingis um einingarverð orkugjaldsins á hinar mismunandi orkueiningar svo og hvernig gjaldinu skuli varið. Þannig er ákvörðunarréttur Alþingis um orkugjald þetta sívirkur.

Á árinu 1980 eru tekjur af orkugjaldi skv. lögum þessum áætlaðar u. þ. b. 4.5 milljarðar. Er þá ekki reiknað með gjaldi á orkusölu til stóriðjufyrirtækja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. grein.

Sú stefnumörkun er gerð að orkugjaldið verði lagt á alla orkusölu í landinu með þeim einu takmörkunum sem fram koma í 2. og 6. grein laganna. Vegna núgildandi raforkusamninga við stóriðjufyrirtæki kunna þó að vera viss vandkvæði á að framkvæma þá stefnumörkun. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að um þetta náist samkomulag við hlutaðeigandi aðila, enda um almennt orkugjald að ræða, sem öllum atvinnurekstri og iðnaði í landinu ber að greiða.

Orkugjaldið er innheimt af síðasta stigi sölu líkt og nú gildir um verðjöfnunargjald á raforku. Sú leið að innheimta það á heildsölustigi hefði gert það mögulegt að fækka innheimtuaðilum verulega. Sá galli er hins vegar á þeirri aðferð, að með því yrðu orkutöp, t. d. raforkutöp í dreifikerfum, skattlögð. Þar sem þau eru mismunandi m. a. milli einstakra orkuveitusvæða yrði orkugjaldið á endanlegan notanda ekki alls staðar hið sama.

Um 2. grein.

Hér eru tilgreindir allir þeir orkugjafar sem notaðir eru í einhverjum mæli hér á landi. Loftkenndar og fastar eldsneytistegundir, s. s. bútangas, kol, koks o. fl., eru hins vegar ekki skattlagðar skv. lögum þessum. Hugsanlegt er, að farið verði að nota kol í auknum mæli sem orkugjafa og því e. t. v. eðlilegt að þau hefðu ekki verið undanskilin. Það sjónarmið er hins vegar ráðandi að örva beri notkun kola sem orkugjafa. Kolanotkun hefði verulegan gjaldeyrissparnað í för með sér miðað við olíunotkun og því væri óeðlilegt að draga úr henni með skattlagningu.

Um 3. grein.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að hér er gert ráð fyrir því nýmæli að veita skuli styrki til orkusparandi aðgerða. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er sú leið til jöfnunar á hitunarkostnaði mjög þýðingarmikil. Þá er einnig

mörkuð sú stefna að koma upp öryggisbirgðum fyrir eldsneyti og er gert ráð fyrir að hluti orkugjaldsins standi undir þeim tilkostnaði.

Orkugjaldinu er jafnframt ætlað að mæta opinberum útgjöldum vegna félagslegra framkvæmda í orkumálum, en með þeim er átt við framkvæmdir, sem ekki telst félagslega réttlátt að láta einstakar orkuveitur fjármagna með afnotagjöldum. Má í því sambandi m. a. nefna félagslegar framkvæmdir Rarik í raforkumálum.

Um 4. grein.

Hér er kveðið á um upphæð orkugjaldsins á hina ýmsu orkugjafa. Eðlilegast hefði e. t. v. verið að leggja orkugjald á raforku til grundvallar við ákvörðun gjaldsins á önnur orkuform þannig að það væri hið sama á hverja orkueiningu (kilóvattstund) í öllum tilvikum. Af 80° heitu vatni ætti orkugjaldið þá að vera 46 kr/m³.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir að það verði 30 kr/m³, sem er því töluvert lægra en það ætti að vera til að fullkominn jöfnuður ríkti milli hinna ýmsu orkuforma. Það orkugjald sem tilgreint er að heri að greiða af eldsneyti samsvarar hins vegar nokkurn veginn orkugjaldi á raforku skv. áðurnefndri grundvallarviðmiðun.

Um 5. grein.

Það kemur árlega í hlut Alþingis að ákveða orkugjaldið. Þessi aðferð er talin skynsamlegri en að ákveða það í lögum að gjaldið breytist sjálfkrafa miðað við verðbreytingar í landinu.

Um 6. grein.

Greinin á m. a. við í þeim tilvikum að fjarvarmaveita noti raforku og/eða olíu til þess að framleiða heitt vatn. Þar sem greiddur er orkuskattur af heita vatninu, hinu endanlega orkuformi, verður fyrra orkuformið að vera undanþegið orkuskatti til að koma í veg fyrir tvísköttun. Sama á við ef raforka er framleidd með olíu.

Þá er einnig gert ráð fyrir að jarðhiti sem notaður er til annars en upphitunar verði undanþeginn orkugjaldi. Það sjónarmið er ráðandi að örva eigi notkun jarðhita í atvinnurekstri hér á landi eins og frekast er kostur. Því heri ekki að skattleggja slíka notkun að svo stöddu hvað sem síðar kann að verða ákveðið.

Um 7. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. grein.

Nauðsynlegt er að stofna sérstakan sjóð vegna gjaldsins, þar eð hlutverk Orkusjóðs skv. gildandi lögum nær ekki yfir öll verkefni hans. Rétt þykir að stjórn sjóðsins sé í höndum Orkuráðs.

Um 13. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. grein.

Þarfnast ekki skýringa.